

TILLAGA SAMNINGANEFNDAR EFLINGAR UM BOÐUN VINNUSTÖÐVUNAR

Samninganefnd Eflingar - stéttarfélags samþykkir að láta fara fram almenna leynilega raf-ræna allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar, svo sem lýst er í eftirfarandi:

Eftirfarandi vinnustöðvun nær til allra starfa á hótelum og gistihúsum sem unnin eru skv. kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar - stéttarfélags um vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi sem gildi frá 1. apríl 2019 og rann út þann 1. nóvember 2022.

Samningaviðræður um framlagðar kröfur Eflingar - stéttarfélags vegna endurnýjunar þessa kjarasamnings fyrir hönd félagsmanna sinna hafa reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara.

Til viðbótar við áður samþykktar nógildandi vinnustöðvanir nær vinnustöðvun þessi m.a. til þeirra starfa sem unnin eru samkvæmt ofangreindum kjarasamningi á starfsstöðvum fyrirtækjanna Miðbæjarhótel/Centerhotels ehf. (kt. 450905-1430) og Keahotels (kt. 541220-2080, kt. 541220-1940, kt. 521212-0390, kt. 541220-1430 og kt. 541220-1270) á félagssvæði Eflingar sem og til allra annarra hótela og gistihúsa, sem eru ótalin hér, með starfsstöðvar á félagssvæði Eflingar skv. 1. gr. laga Eflingar.

Vinnustöðvunin er ótímabundin og hefst klukkan 12:00 á hádegi **þriðjudaginn 28. febrúar 2023** nema kjarasamningar hafi tekist eða vinnustöðvun verið frestað fyrir þann tíma.

Viðauki um atkvæðagreiðslu:

Atkvæðagreiðsla um boðun þessa skal auglýst fyrir hádegi **mánudaginn 13. febrúar 2023**.

Atkvæðagreiðslu skal **lokið kl. 18:00 mánudaginn 20. febrúar 2023**.

Á kjörskrá vegna atkvæðagreiðslu um ofangreinda boðun vinnustöðvunar skulu vera þeir félagsmenn sem boðunin tekur til, sbr. heimildarákvæði 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslu skal fara samkvæmt „Reglugerð um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ“ samþykkt með áorðnum breytingum á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 20. desember 2017.

Viðauki um verkfallsstyrk:

Gert er ráð fyrir verkfallsstyrk að upphæð kr. 25.000 fyrir hvern þann dag sem félagsmaður missir laun vegna verkfalls, miðað við fulla vinnu.

Svo samþykkt á fundi samninganefndar Eflingar - stéttarfélags haldinn sunnudaginn 12. febrúar 2023 kl. 14:00 í Félagsheimili Eflingar, 4. hæð í Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.